

Fundur æskulýðsnefndar LH

14.01.2025.

Dagbjört formaður nefndarinnar setur fundinn.

Linda ritari

Kata varaformaður og ýtir við fundum og annað slíkt.

Beiðni frá stjórn að fara og heyra í félögum um landið og heyra frá þeim hvernig starfið er og hvort það sé eitthvað sem þeim vanti aðstoð við.

Rætt um að setja niður markmið fyrir starf nefndarinnar og fyrir hvað nefndin stendur - hvað hún ætli að gera ofl í þeim dúr.

Hugmyndir að starfi nefndarinnar.

- Byrja á að heyra í félögunum um landið - skipta niður í 6-8 manna hópa
- Hvernig ná félögin að peppa fólk til að vinna í nefndum – heyra í þeim sem gegnur vel og hvað þau eru að gera.
- Fife youth camp – er komið af stað og er í skipulagningu
 - Ástríður country leader fyrir Ísland
 - 9-14 júlí - Hvanneyri - íbúðir fyrir hvert land – 5.000 kr gistingin hver nótt. Heimsóknir - fræðsla - akstur – matur í undirbúning og/eða búið að heyra í aðilum. Sund í Hreppslaug. Verð fyrir þátttakendur er 650 evrur að hámarki.
- Fjármál æskulýðsnefnda og styrkir sem hægt er að sækja um.
 - Fá punkta frá félögum sem eru dugleg að sækja um styrki og hvað þau eru að gera.
- Verkefnið um verndari barna hjá barnaheill– hvetja félög til að hafa þessi námskeið sem hægt er að sækja á netinu.
- Rætt um að hvetja félögin sem standa að Æskunni og hestinum að endurvekja þá sýningu.
- Spurning líka hvort hvert og eitt félag haldi sínar sýningar - Stórsýning æskunnar.
 - Sýningar hvetja til þátttöku og mögulega eflir nýliðun.
- Spurning með hvata fyrir æskulýðsnefndir að hafa fyrirmyndar æskulýðsfélag sem tikkar þá í box t.d. hvað varðar skyndihjálparnámskeið kennara - þjálfara - æskulýðsnefndar - foreldra?? Félögin bjóði upp á skyndihjálparnámskeið -

Námskeiðið um verndara barna – skil á æskulýðsskýrslu ofl í þeim dúr sem gætu nýst félögum og æskulýðsstarfi vel.

Fundi slitið 12:45